# Þriðjudagur 24. október



## SJÓNVARPIÐ

17.00 **Fræðsluvarp.** 1. Börn í Botswana. 2. Stíllinn. Mynd sem fjallar um strák sem er að skrifa stíl í skólatíma.
17.50 **Flautan og litirnir.** Fyrsti þáttur. Kennsluþættir í blokkflautuleik fyrir börn og fullorðna í níu þáttum. Söngur og hljóðfæraleikur er í höndum barna úr Brekkulækjarskóla á Akranesi. Umsjón Guðmundur Norðdahl tónlistarkennari.
18.05 **Hagalín húsvörður** (Kurt Kvast). Barnamynd um húsvörð sem lendir í ýmsum ævintýrum með íbúum hússins. (Nordvision – finnska sjónvarpið.)
18.15 **Sögusyrpan** (Kaboodle). Breskur barnamyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Sögumenn Helga Sigríður Harðardóttir og Hilmir Snær Guðnason.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Fagri-Blakkur.** Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
19.20 **Barði Hamar** (Sledgehammer). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Nýjasta tækni og vísindi.** Í þættinum verður sýnd ný íslensk mynd um ræktun lúpínu. Umsjón Sigurður H. Richter. Stjórn upptöku Jón Egill Bergþórsson.
20.50 **Í dauðans greipum** (A Taste for Death). Fimmti þáttur. Breskur sakamálamyndaflokkur í sex þáttum eftir P. D. James. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
21.40 **Stefnan til styrjaldar** (The Road to War). Lokaþáttur – Pólland. Breskur heimildarmyndaflokkur í átta þáttum. Þýðandi Gylfi Pálsson.
22.30 **Haltur ríður hrossi.** Fyrsti þáttur. Þættir sem fjalla um blöndun fatlaðra og ófatlaðra í samfélaginu. Áður sýnt í Fræðsluvarpi. Þættirnir eru fimm og eru textaðir.
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.25 **Fordómar.** Prejudice. Fordómar birtast í ýmsum myndum meðal okkar en í þessari mynd verða sagðar tvær aðskildar sögur um konur sem hafa mátt þola takmarkalausa fordóma í starfi sínu. Aðalhlutverk: Patsy Stephen og Grace Parr.
17.05 **Santa Barbara.**
17.50 **Elsku Hobo.** Hobo lendir í ótrúlegum ævintýrum.
18.15 **Veröld – sagan í sjónvarpi.** Stórbrotin þáttaröð sem byggist á Times Atlas-mannkynssögunni. (The Times Atlas of World History).
18.45 **Klemens og Klementína.** Leikin barna- og unglingamynd. Annar hluti af þrettán.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.30 **Visa-sport.** Blandaður þáttur með svipmyndum frá víðri veröld.
21.30 **Undir regnboganum.** Chasing Rainbows. Kanadískur framhaldsmyndaflokkur í sjö hlutum. Sjötti og næstsíðasti þáttur.
23.10 **Hin Evrópa.** Stórbrotin þáttaröð um Evrópu austan múrsins. Þriðji þáttur af sex.
0.05 **Draumar geta ræst.** Sam's Son. Myndin byggist á uppvaxtarárum leikarans Michael Landon. Hann var ekkert frábrugðinn jafnöldrum sínum en hafði til að bera afburða hæfileika í spjótkasti og uppgötvaði það fyrir hreina tilviljun.
1.40 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Guðmundur Óskar Ólafsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið.** – Randver Þorláksson. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Neytendapunktar.** Hollráð til kaupenda vöru og þjónustu og baráttan við kerfið. Umsjón: Björn S. Lárusson. (Einnig útvarpað kl. 15.45.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Vestfjörðum. Umsjón: Finnbogi Hermannsson.
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Þingfréttir.**
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Óskar Ingólfsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá þriðjudagsins í Útvarpinu.
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Í dagsins önn** – Skólabærinn Akureyri, Verkmenntaskólinn. Umsjón: Ásdís Loftsdóttir. (Frá Akureyri)
13.30 **Miðdegissagan:** Svona gengur það eftir Finn Seborg. Ingibjörg Bergþórsdóttir þýddi. Barði Guðmundsson les (2).
14.00 **Fréttir.**
14.03 **Eftirlætislögin.** Svanhildur Jakobsdóttir spjallar við Jóhann Pétur Sveinsson lögfræðing sem velur eftirlætislögin sín. (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Í fjarlægð.** Jónas Jónasson hittir að máli Íslendinga sem hafa búið lengi á Norðurlöndum, að þessu sinni Guðrúnu Haraldsdóttur Gjesvold, bóndakonu í Röjse skammt frá Ósló. (Endurtekinn þáttur frá sunnudagsmorgni.)
15.45 **Neytendapunktar.** Umsjón: Björn S. Lárusson. (Endurtekinn þáttur frá morgni.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.**
16.08 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Ármann Kr. Einarsson og bækur hans. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Píanókonsert nr.** 1 í d-moll eftir Johannes Brahms. Jónas Ingimundarson leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands; Páll P. Pálsson stjórnar.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpinu kl. 4.40.)
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Þáttur um menningu og listir líðandi stundar.
20.00 **Litli barnatíminn:** Kári litli í skólanum eftir Stefán Júlíusson. Höfundur les (2).
20.15 **Tónskáldatími.** Guðmundur Emilsson kynnir íslenska samtímatónlist.
21.00 **Alexanderstækni.** Umsjón: Sverrir Guðjónsson. Síðari þáttur. (Endurtekinn þáttur úr þáttaröðinni Í dagsins önn.)
21.30 **Útvarpssagan:** Haust í Skírisskógi eftir Þorstein frá Hamri. Höfundur les (2).
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.20 **Leikrit vikunnar:** Minningar úr Skuggahverfi eftir Erlend Jónsson. Leikstjóri: Benedikt Árnason. Leikendur: Margrét Guðmundsdóttir, Erlingur Gíslason og Karl Guðmundsson. (Áður útvarpað 1987.) (Einnig útvarpað nk. fimmtudag kl. 15.03.)
23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Einnig útvarpað aðfaranótt mánudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Óskar Ingólfsson. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið** – Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
8.00 **Morgunfréttir.** – Spaugstofan: Allt það besta frá liðnum árum. 9.03 Morgunsyrpa Eva Ásrún Albertsdóttir og Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Stóra spurningin kl. 9.30, hvunndagshetjan kl. 9.50, neytendahorn kl. 10.03 og afmæliskveðjur kl. 10.30. Spaugstofan: Allt það besta frá liðnum árum kl. 10.55. (Endurtekinn úr morgunútvarpi.) Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu** með Gesti Einari Jónassyni. (Frá Akureyri)
14.03 **Hvað er að gerast?** Lísa Pálsdóttir kynnir allt það helsta sem er að gerast í menningu, félagslífi og fjölmiðlum.
14.06 **Milli mála.** Árni Magnússon leikur nýju lögin. Stóra spurningin. Spurningakeppni vinnustaða, stjórnandi og dómari Flosi Eiríksson kl. 15.03
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Guðrún Gunnarsdóttir, Sigurður Þór Salvarsson, Þorsteinn J. Vilhjálmsson og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu sími 91- 38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 3.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru: Jón Atli Jónasson og Sigrún Sigurðardóttir.
21.30 **Fræðsluvarp:** Enska. Fyrsti þáttur enskukennslunnar Í góðu lagi á vegum Málaskólans Mímis. (Einnig útvarpað nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
22.07 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Úrvali útvarpað aðfaranótt laugardags að loknum fréttum kl. 2.00.)
0.10 **Í háttinn.**
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**
1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Lögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá fimmtudegi á rás 1.)
3.00 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur frá liðnu kvöldi.
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi þriðjudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá deginum áður á rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Bláar nótur.** Pétur Grétarsson kynnir djass og blús. (Endurtekið úrval frá mánudagskvöldi á rás 2.)
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Norrænir tónar.** Ný og gömul dægurlög frá Norðurlöndum.

## FM 98,9 Bylgjan

7.00 **Sigursteinn Másson og Haraldur Kristjánsson.** Fréttatengdur morgunþáttur. Viðtöl við fólkið á götunni. Það helsta sem er að gerast tekið fyrir.
9.00 **Páll Þorsteinsson** kemur fólki í vinnuna á réttum tíma. Vinir og vandamenn kl. 9.30. Fróðleiksmolar og góð tónlist.
12.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Hádegið rólegt og þægilegt. Afmæliskveðjur milli 13.30 og 14.00, viðtöl og spjallað við hlustendur á mannlegu nótunum.
15.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Öll uppáhaldslögin leikin, íþróttafréttir og skemmtilegt spjall.
19.00 **Snjólfur Teitsson** í kvöldmatnum.
20.00 **Þorsteinn Ásgeirsson** kíkir á vinsældalista vestanhafs og spilar þægilega tónlist undir svefninn.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Stjarnan FM 102 & 104

7.00 **Bjarni Haukur Þórsson.** Ungir Íslendingar í morgunspjalli. Morguntónlist eins og hún gerist best. Bjarni er hress á morgnana.
11.00 **Snorri Sturluson.** Vinsældapoppið og lögin á B-hliðinni. Snorri tekur við símtalinu þínu, síminn er 622939.
15.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.** Siggi fylgir þér heim eða í vinnu. Það er stutt í húmorinn. Nýjasta tónlistin.
19.00 **Stanslaus tónlist.** Ekkert kjaftæði!
20.00 **Breski og bandaríski vinsældalistinn kynntur.** Það er Snorri Sturluson sem er okkar maður í vinsældapoppinu.
22.00 **Kristófer Helgason.**
1.00 **Björn Þórir Sigurðsson.** Síminn á Stjörnunni er 622939.

## Útrás FM 104,8

16.00 **MH.**
18.00 **FB.**
20.00 **IR.**
22.00 **MS.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## Eff Emm 95,7

7.00 **Benni Elfar.**
10.00 **Kristján Jónsson.**
13.00 **Arnór Björnsson.**
15.00 **Finnbogi Gunnlaugsson.**
17.00 **Ívar Guðmundsson.**
19.00 **Guðný Mekkinósdóttir.**
22.00 **Árni Vilhjálmur Jónsson.**
3.00 **Arnar Þór Óskarsson.**

## Rót Útvarp FM 106,8

9.00 **Rótartónar.**
13.00 **Sagan.**
13.30 **Tónlist.**
16.00 **Búseti.** E.
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Samtök græningja.**
17.30 **Mormónar.**
18.00 **Hanagal.** Félag áhugafólks um franska menningu. Þátturinn er fluttur í bland á íslensku og frönsku.
19.00 **Það erum við!** Kalli og Kalli.
21.00 **Heitt kakó.** Árni Kristinsson.
22.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur í umsjá Gunnars L. Hjálmarssonar, Sveins Jónssonar og Jóhanns Eiríkssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt.**

## Útvarp Hafnarfjörður FM 91,7

18.00–19.00 **Skólalíf.** Litið inn í skóla bæjarins og kennarar og nemendur teknir tali.

## Sky One

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaþáttur.
8.30 **Super Password.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Framhaldsflokkur.
11.55 **General Hospital.** Framhaldsflokkur.
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **Young Doctors** Framhaldsflokkur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
17.00 **The New Price is Right.** Getraunaleikur.
17.30 **Sale of the Century.** Spurningaleikur.
18.00 **Veröld Frank Boughs.** Fræðslumyndaflokkur.
19.00 **Amerika.** Mínisería.
21.00 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Untouchables.** Spennumyndaflokkur.
23.30 **Popptónlist.**

## Sky Movies

13.00 **Tarka the Otter.**
15.00 **The Glo-Friends – The Quest.**
17.00 **The Purple Rose of Cairo.**
19.00 **I Know My Name is Stephen, part 2.**
21.00 **The Big Easy.**
22.45 **Porky's.**
00.30 **Breaking All the Rules.**
03.00 **Space Camp.**

## Eurosport

9.00 **International Motor Sports.** Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
10.00 **Íshokkí.** Leikur í atvinnumannadeildinni í Bandaríkjunum.
12.00 **Hnefaleikar.** Frægar keppnir.
13.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
14.00 **Tennis.** Keppni atvinnumanna innanhúss í Antwerpen.
16.00 **Körfubolti.**
18.00 **Eurosport – What a Week!** Litið á viðburði liðinnar viku.
19.00 **Judo.** Keppni þeirra fremstu í Belgrad.
21.00 **Tennis.** Keppni atvinnumanna innanhúss í Antwerpen.
22.00 **Golf.** The Portugese Open. Keppt á Quinta do Lago í Algarve.
23.00 **Kappakstur.** Grand-Prix keppni í Japan.

## Super Channel

14.30 **Chart Attack.** Tónlistarþáttur.
15.30 **On the Air.** Tónlist.
17.30 **The Rock of Europe.** Tónlist.
18.30 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.
19.00 **Íþróttir.** Vetraraíþróttir.
21.00 **Fréttir og veður.**
21.00 **Íþróttir.** Vetraríþróttir.
23.10 **Fréttir og veður.**
23.20 **The Mix** Konsertar, myndbönd o.fl.
00.20 **Time Warp.** Gamlar klassískar vísindamyndir.

### Stöð 2 kl. 18.15:

# Sagan í sjónvarpi

Viðfangsefni þessa þáttar eru orsakir og afleiðingar frönsku byltingarinnar 1789 og tengsl hennar við komu sósíalismans í Evrópu 1848. Litið er á hvernig hugmyndin um lausn úr ánauð og mannréttindi þróaðist á ýmsa vegu annars vegar með frjálslyndu stefnunni í Bretlandi og hins vegar sósíalískt í anda marxismans. En upphafið hlýtur einnig að liggja við rætur upplýsingaraldarinnar.

Einkennandi menntastefna í Evrópu 18. aldarinnar grundvallaðist á skynsemishyggju og trú á getu manna til að byggja hegðun sína og sjónarmið á þekkingu fremur en arftekinni trú og fordómum.

Mörg lykilmenni koma við sögu í þættinum, sem bæði fæst við hugmyndir og staðreyndir, og nægir að nefna Mirabeau, J.S. Mill og Maximilian de Robespierre sem var einn af forystumönnum Jakobínanna. Hann komst til valda og ofsótti og aflífaði andstæðinga sína meðal aristókrata. Eftir tilraun til yfirtöku var hann sjálfur líflátinn í júní 1794.

-Pá



Erlingur Gíslason leikur annað aðalhlutverkið í leikriti vikunnar.

### Rás 1 kl. 22.20:

# Minningar úr Skuggahverfi

Leikrit vikunnar að þessu sinni er Minningar úr Skuggahverfi eftir Erlend Jónsson í leikstjórn Benedikts Árnasonar. Leikritið var eitt af verðlaunaverkum í leikritasamkeppni Ríkisútvarpsins árið 1986.

Sögusviðið er Reykjavík nútímans. Maður og kona hittast fyrir tilviljun á götu úti en þau hafa ekki hist síðan þau voru unglingar að alast upp í Skuggahverfinu. Minningar þeirra frá þeim dögum eru þó á margan hátt ólíkar enda voru aðstæður þeirra í uppvextinum með ólíkum hætti.

Leikendur eru: Margrét Guðmundsdóttir, Erlingur Gíslason og Karl Guðmundsson. Tæknimenn eru: Hreinn Valdimarsson og Óskar Ingvarsson. Leikritið var frumflutt árið 1987.

-Pá

### Rás 1 kl. 23.10:

# Djassþáttur Jóns Múla

Athygli er vakin á því að Djassþáttur Jóns Múla Árnasonar, sem útvarpað hefur verið á miðvikudagskvöldum undanfarið, er nú kominn á dagskrá á þriðjudagskvöldum og verður þar í vetur. Tíminn er enn hinn sami og endurtekningartíminn er óbreyttur en þátturinn er endurtekinn aðfaranótt mánudags kl. 2.05:

Í þessum þætti kynnir Jón Múli gamlan djass og nýjan. Þarna verða dansar Theloniusar Monk, Keith Jarrett tríóið mætir, Leóníð Chizhik tekur sóló og litið verður á nýja plötu með Tómasi R. Einarssyni bassaleikara og hljómsveit hans.



Jón Múli er umsjónarmaður Djassþáttar að vanda.

-Pá